

Egilsstöðum 20.11.2023

**Efni.**

*Athugasemdir við þingskjal 306 – 149 mál*

*Um breytingu á vopnalögum nr.16/1998*

## **Almennar athugasemdir**

Við yfirlestur og samanbuð á þeim lögum og reglugerðum ESB sem verið er að innleiða með þessum lagabreytingum og þeim tillögum að breytingum sem eru hér til umfjöllunar er greinilegt að um gullhúðun reglna er að ræða. Ljóst er að verið er að þrjóna heimatilbúnar reglur við þær reglur ESB sem verið er að innleiða. Því miður kemur það ekki á óvart og virðist frekar vera reglan en undantekningin. Vandamálin varðandi vopnaeign eru ekki þeir sem eru með allt upp á borðinu og með sín mál öll á hreinu, heldur þeir sem eiga hugsanlega aðeins eitt vopn eða eru liggjandi með einhverja erfðagripni í geymslum eða upp í skápum.

Eins er greinilegt að við samningu þessara breytinga hefur ekki verið leitað til fagaðila svo sem SKOTVÍS vegan veiða og STÍ vegan íþróttaskotfimi og eru það verulega ámælisverð vinnubrögð.

## **Athugasemdir við einstakar greinar og ákvæði.**

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein, 3. gr. a, svohljóðandi:

Ákvæði laga þessara gilda einnig um skotskýlingabúnað annan en þann sem er í eigu Landhelgisgæslu, lögreglu, fangelsa eða erlendra lögreglumanna eða öryggisvarða sem starfa undir stjórn lögreglu. Með skotskýlingabúnaði er átt við hlífðarbúnað, svo sem vesti og hjálma, sem markaðssettur er sem skotheldur og skal ráðherra setja í reglugerð hvaða búnaður fellur undir.

Enginn má flytja inn, versla með, eiga eða nota slíkan búnað nema með leyfi lögreglustjóra og skal ráðherra setja skilyrði hvað þarf að uppfylla til þess að geta fengið slíkt leyfi og um skráningar á slíkum búnaði. Almenn skal miða við að slíkt leyfi til eignar og notkunar séu ekki veitt nema þegar einstaklingur þarf þess starfs síns vegna.

Það er ljóst að þetta ákvæði getur hafat veruleg áhrif á starfsöryggi og umhverfi þeirra sem stunda dyravörslu í dag. Færst hefur í vökt að almenningur beri á sér hnífa og annað sem nota má til að skaða folk með. Þeir sem starfa við dyravörslu og aðra öryggisgæslu hafa margir hverjir brugðist við með því að fjárfesta í hnífavestum og öðrum fatnaði sem veitir vernd gegn högg, stungu og lagvopnum. Svokölluð "blunt forc" vesti. Mikilvægt er að útfærsla laganna komi ekki niður á möguleikum þeirra sem vinna við þetta til að afla sér með löglegum hætti hlífðarbúnaðar við hæfi.

Eins er mikilvægt að það verði skýrt hvað telst skotskýlibúnaður samkvæmt lögum þessum. Er t.d ætlunin að skilgreina alla hjálma sem skotskýlibúnað óháð aldri? Tölvvert hefur verið flutt inn og selt af gömlum herhjálumum og seldir til dæmis í Kolaportinu. Ef þeir færu undir þessa skilgreiningu yrði

niðurstaðan sú að fjöldi manns myndi eiga ólöglegan búnað án þess að hafa hugmynd um það. ( Venjulegt folk les ekki lögbyrtingarblaðið að staðaldri.)

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „skotvopn“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. kemur: nauðsynlega íhluti.
- b. Á eftir orðinu „skotvopna“ í 3. málsl. 1. mgr. og í 2. mgr. kemur: nauðsynlegra íhluta.
- c. 3. mgr. orðast svo:

Óheimilt er að flytja til landsins eða framleiða skotvopn nema þau séu merkt skýrum, varanlegum og einstökum merkingum. **Hið sama á við um innflutning og framleiðslu á nauðsynlegum íhlutum skotvopna. Sé nauðsynlegur íhlutur of smár til að merkja hann í samræmi við þetta skal hann a.m.k. merktur raðnúmeri, stafakóða eða stafrænum kóða.** Þá skal hver grunnþakning fullbúinna skotfæra einnig merkt.

d. Við 4. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þrátt fyrir a- og b-lið getur lögreglustjóri heimilað að flytja inn hálfsjálfvirkar skammbyssur og hálfsjálfvirka riffla, séu vopnin **sérhönnuð og sannanlega** ætluð til íþróttaiðkunar. Þá er heimilt með leyfi lögreglustjóra að framleiða vopn samkvæmt þessari málsgrein til útflutnings.

e. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þegar um er að notkun í samræmi við 2. mgr. 14. gr. ræðir getur lögreglustjóri heimilað innflutning eða framleiðslu eftirlíkinga.

- f. 7. mgr. fellur brott.

Liður c. 3.mgr

Hvað telst vera sannanlegur íhlutur ???

Í þessu ákvæði felst ákveðin ómöguleiki. Margir íhluti t.d gormar, fjaðrir eru það lítil og fingerð að ómögulegt er að merkja þau á nokkurn hátt. Þetta ákvæði ætti því að falla brott. Eins er ekki laust við að ákvæðið beri keim af gullhúðun reglna.

Í lið d. 4 mgr mætti sérhönnuð eða sannalega falla út. Hlutir eru annaðhvort sérhannaðir eða sannanlega ætlaðir til einhverra hluta.

**Skotvopnaleyfi skal ekki gefið út til lengri tíma en fimm ára í senn og til skemmri tíma ef ástæða þykir. Við endurnýjun skotvopnaleyfis er lögreglustjóra heimilt að kanna hæfni umsækjanda.**

Ekki hafa komið framm nein rök fyrir svo stuttum gildistíma. Hann er ekki í samræmi við önnur leyfi svo sem aukin ökuréttindi það að það sé svo auðvelt að sækja um endurnýjun vegna þess að ferlið sé allt rafrænt eru ekki gild rök fyrir ýþingjandi ákvæðum lag sem hafa í för með sér aukin útgjöld, því varla er ætlunin að hafa endurnýjunina ókeypis. “**og til skemmri tíma ef ástæða þykir**” Ekki verður séð af þessum drögum hverjar þær ástæður gætu verið. Það að gefa lögreglustjóra heimild til að kanna hæfi umsækjanda telst varla standast jafnræðisreglu. Hvers vegna ætti hann að kanna hæfi við endurnýjun skotvopnaleyfa, en ekki endurnýjun ökuréttinda svo dæmi sé tekið. Bifreiðar valda mun fleiri dauðsföllum og örkumlunum en skotvopn.

**Almennt um ríffilstærðir til veiða.**

Það ákvæði lagana að miða við 8mm kúlustærð fyrir veiðar héraendis og annað þurfi sérstaka undanþágu vegna veiða erlendis er athyglisvert. Ekki er hægt að sjá nein haldbær rök fyrir þessu. Þetta eykur flækjustig og býr til óþarfa vandræði fyrir þá sem þetta stunda. Ekki er hægt að rökstiðja ákvæðið með tillite til dýraverndar þar sem stærri og þyngri kúla drepur betur heldur en minni og léttari. Ef men ættluðu að setja einhver mörk sem útilokuðu t.d. 50 cal BMG hefði verið nær að setja þessi mörk við 10 millimetra. Með því myndu lang flestir þeirra riffa sem men eru að veiða með erlendis falla undir það ákvæði og flækjustig minka til muna.

Undirritaður er varaformaður FLH ( Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum ) Stofnfélagi í SKAUST ( Skotfélagi Asturlands ) og verið formaður þess og í stjórn árum saman.

Virðingarfyllst

Þórhallur Borgarsson